

**Nd.**

**1084. Nefndarálit**

[301. mál]

um frv. til l. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

Frá meiri hl. samgöngunefndar.

Mál þetta barst nefndinni frá Ed. um hádegi s. l. laugardag. Hefur hún því haft mjög skamman tíma til að fjalla um málið svo sem þurft hefði.

Við 1. umr. málsins í Nd. flutti samgönguráðherra svofellda yfirlýsingu:

„Það skal tekið fram við afgreiðslu frv. þessara að stéttarfélög skipstjórnarmanna og vélstjóra víða um landið óska eftir því að fá að koma fram með breytingartillögur við löggin sem lagðar verði fram eigi síðar en 15. október á þessu ári.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands mun skipa nefnd í málið sem skila mun einu sameiginlegu álitum um þau ákvæði í lögum þessum sem betur mættu fara.

Ég hef ákveðið að skipa nefnd nú í vor þar sem óskað verði eftir tilnefningu fulltrúa menntamálaráðherra, stýrimanna og Vélskólans í Reykjavík, F.F.S.Í og útgerðaraðila til þess að gera tillögur um breytingu á þessum lögum þar sem m. a. verði stefnt að því að undanþágur verði ekki veittar þeim sem hafa ekki áður fengið undanþágur til skemmri eða lengri tíma.

Þeim mönnum, sem eftir breytingu laga þessara hafa ekki réttindi, verði gefinn kostur á menntun í sínum landshluta og þannig að því stefnt að undanþáguveitingum verði hætt sem fyrst.“

Nefndarmenn urðu ekki sammála um afgreiðslu málsins. Kristín Halldórsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon munu skila séráliti. Stefán Valgeirsson tekur ekki þátt í afgreiðslu málsins. Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frv. verði samþykkt og styðja breytingartillögu samgönguráðherra, sem hann flytur á þskj. 1029, en hún hefur að geyma ákvæði um að atvinnuréttindi samkvæmt 4., 7. og 8. gr. frv. skuli ekki taka gildi fyrr en frá og með 1. janúar 1985. Ætti með því að vinnast nægur tími til að skoða þessi mál öll nánar skv. fyrrgreindri yfirlýsingu samgönguráðherra. Karvel Pálmason skrifar undir nál. með fyrirvara og áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 21. maí 1984.

Friðjón Þórðarson,  
varaform.

Eggert Haukdal,  
frsm.

Karvel Pálmason,  
með fyrirvara.

Stefán Guðmundsson.